



## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði.

### 1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki **123,5** þrepi, samkvæmt samningum Starfsmannafélags Skagafjarðar, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum, samtals: **1.815 kr**

### 2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. Eða **148.977** kr.
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **223.466** kr.
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar Ríkisins.
9. **Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.**

### 3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

### 4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngriog skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun Ríkisins kr: **21.657** .- frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er **kr 1.815.-** frá 01.12.2009.

### Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir:

#### Gjaldflokkur:

Allt að 148.977 kr pr. mán	0 kr/klst
Á bilinu 148.978 –223.466 kr/mán	605 kr/klst
Á bilinu 223.467 – 228.725 kr/mán	907 kr/klst
Yfir 261.711 kr/mán	1815 kr/klst

#### Tekjumörk hjóna kr/mán.

Allt að 223.466 kr/mán	0 kr/klst
Á bilinu 223.467– 297.209 kr/mán	605 kr/klst
Á bilinu 297.210 – 391.066/mán	907 kr/klst
Yfir 391.066 kr/mán	1.815 kr/klst

***Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrisþega er svo 179.639 pr. mán.***

*Samþykkt í félags-og tómstundanefnd 15. desember 2009.*

*Samþykkt í byggðaráði 15. desember 2009.*